

INNGANGUR

ÁGÆTV KENNDARAR

Lífið í Ásgarði er framhald bókarinnar *Óðinn og bræður hans*. Eins og áður legg ég áherslu á að þetta er ekki kennslubók í ásatrú heldur endursögn á sögunum úr *Gylfaginningu* og að hluta til úr *Skáldskaparmálum*, eins og ég skil þær. Trúlega verða ekki allir sem hafa sökkt sér niður í þessi fræði sammála túlkun minni á ýmsum smáatriðum. Hver sem les norræna goðafræði fær eigin sýn á þau og túlkar þau á sinn hátt. Og það er einmitt kostur þessara fornu fræða hve margt við getum lesið út úr þeim.

Eftir að hafa lesið og gluggað í fræðibækur, ekki síst bók Anders Bæksted, *Goð og hetjur í heiðnum sið*, skýrðust fyrir mér eiginleikar og hlutverk hinna ýmsu goða og gyðja. Reynt er að draga fram persónuleika þeirra ekki síst með samtölum. Samtölin eru tilbúningur minn en gagnleg til að gefa persónunum líf.

NOTKUN

Ég sé fyrir mér ýmsa möguleika á því hvernig hægt sé að nota þessa bók í skólanum: Kennari getur lesið bókina fyrir bekkinn í nestistímum og leyft svo nemendum að glíma við verkefni hverjum fyrir sig eða nokkrum saman.

Nemendur geta sjálfir lesið bókina og fengið eftir á að velja sér verkefni úr henni til að vinna. Þeir geta myndað litla hópa, þriggja til fjöggra manna sem lesa kaflana saman og vinna svo saman úr þeim.

Sjálfsagt er að vinna sem fjölbreyttust verkefni við bókina. Það má hugsa sér að lesa, skrifa, teikna, ræða saman, kynna fyrir öðrum, jafnvel að semja tónlist við ákveðin atriði, búa til veggspjöld eða líkón, útbúa glærusýningu, taka upp leikin atriði á myndband og taka viðtöl við persónur bókarinnar.

SAGNAGERÐ

Þetta efni er upplagt til sagnagerðar, ekki síst munnlegrar enda eru þetta upphaflega munnmælasögur sem hafa gengið frá kynslóð til kynslóðar. Ef kennari vill frekar að nemendur skrifi sögurnar sínar gæti hann látið þá hafa sérstaka stílabók fyrir þær. Til dæmis gætu allir verið með eins bók, gula, rauða, græna eða bláa. Ég hef sjálf sem kennari góða reynslu af slíku. Nemendur gætu þá unnið verkefni sem þeir svara skriflega í sömu bók sem yrði þeirra Edda!

LESSKILNINGUR

Bein lesskilningsverkefni sem geta stuðlað á betri skilningi nemenda á efninu eru unnin úr fimm köflum. Ýmsar spurningar í verkefnunum reyna einnig á les- eða textaskilning.

SAMLESTUR

Lífið í Ásgarði inniheldur heilmikið af samtölum. Sumir kaflarnir gætu því hentað vel til samlestrar og ég hef á fjórum stöðum í þessum leiðbeiningum sett kafla eða hluta þeirra upp í samtalsformi. Nemendur geta lesið saman en einnig gætu þeir gengið lengra og leikið þessa kafla. Hægt er að festa á myndband þegar nemendur lesa upp eða leika atriði úr bókinni. Svo má halda sýningu og bjóða gestum í heimsókn, krökkum úr öðrum bekkjum, kennurum, foreldrum.

Aftast er að finna hugtakasafn úr norrænni goðafræði.

*Gangi ykkur vel.
Iðunn Steinsdóttir*